

Anna Kristófersdóttir Minningarorð

ÞANN 27. í mán. andaðist eftir skamma dvöl á Sólvangi í Hafnarfirði, Anna Kristófersdóttir kona Jóns Bjarnasonar frá Hörgsdal á Síðu. Anna var fædd á Breiðabólstað á Síðu 16. febr. 1891. Voru foreldrar hennar Rannveig Jónsdóttir, Bjarnason af frá Mörk og Kristófer Þorvarðsson bóndi og póstur á Breiðabólstað Hann var sonur af Þorvarðar Jónssonar í Holti og Prestbakka og miðkonu hans. Sigríðar Pálsdóttur prófests í Hörgsdal.



Þegar Kristófer á Breiðabólstað druknaði í Eldvatni hjá Svínadal 5. maí 1893 og Rannveig ekkja hans brá búi, fór Anna í fjósur til föðursystur sinnar og mófu, konu Sighvats Arnasonar í Eyvindarholti. Þangað fór líka elsta systir hennar Sigríður, en þegar hún giftist Bjarna Bjarnaeyni í Hörgsdal árið 1901, fylgdi Anna með henni þangað. Þann 17. júlí 1908 giftist hún svo Jóni yngra, bróður Bjarna. Voru þau hjón að 2. og 3. að frændsemi, þar sem móðir Jóns var Helga Pálsdóttir prófests í Hörgsdal.

Þau Jón og Anna bjuggu allan sinn búskap á Síðunni, fyrst í Hörgsdal í 20 ár, síðan á Keldunúpi (vesturbænum) í 15 ár og loks Mosurum, þar sem þau, með tilstyrk barna sinna, endur reistu hið gamla býli á vestur-

þakka Geirlandsár. Börn þeirra Mosahjóna urðu alla 16, öll á lífi nema Kristjóna, sem andaðist í Hörgsdal innan við fermingu árið 1925.

Þau eru, hér talin í aldursröð: Ragnar, skipstjóri, Hafnarfirði, Helga, hefur búið með foreldrum sínum, Bjarni, vélstjóri, Hafnarfirði, Sigrún, húsfreyja í Prestbakkakoti á Síðu, Kristófer, vélstjóri, Keflavík, Anna Kristín, húsfreyja í Kópavogi, Jakob, bilstjóri, Ólafur forstjóri, Kópavogi, Hermann Guðjón, bæjarfógetaulltrú, Akranesi Páll, verkstæðisform. Vík í Mýrdal, Rannveig Kristjana, húsfreyja í Kópavogi, Halldór, bæjar gjaldkeri Kópavogi, Kristjóna, húsfreyja Kópavogi, Ólafía Sigriður, forstöðukona, Reykjavík.

Eins og gefur að skilja, var þröngt í búi hjá þeim ungu hjónunum í Hörgsdal meðan ómegðin var mest. Þá voru engar fjölskyldubætur eða styrkir til að styðjast við, búið smátt og litill möguleikar til stækunar. En sjálfsbjargarviðleitnin var rík, vinnan stunduð af atorku og kappi, sparsæmin mikil, lífskröf urnar litlar en þeim mun meiri Kröfur, sem gerðar voru til sjálfs sín um að leggja sig allan fram, duga sem best, vera ekki upp á aðra komin. Eftir því sem árin líðu batnaði aðstæðan og af koman. Börnin uxu upp og unnu heimili foreldra sinna bæði heima og heiman. Dugnaður þeirra og starfsæfni ber gott vitni um þau fararefni, sem þau höfðu með sér úr föðugarði. Það var hvorki siltur né gull heldur meðfædd hyggindi, prófuð í skóla reglusemi og ráðdeildar.

Bæði býlin, Mosar og Keldunúpur, standa við þjóðveginn austur með Síðu. Í hjá þeim hjónunum Ónu og Jóni, var gestkvæmt mjög af vinum þeirra, venslamönnum og öðrum sveitungum, sem þakka nú. Þegar húsfreyjan er kvódd, góða viðkynningu frá mörgum samveruðum á Síðunni.

Útför Ónu Kristófersdóttur verður gerð í dag að Prestbakkakirkju.

G. Br.



Johnson forseti vottar ekkju Virgil Grissom ofursta samúð sína í Arlington-kirkjugarðinum við Washington. Frú Grissom heldur á fánanum, sem á kistu manns hennar var sveipuð. Til hægri þurkar Mark, yngri sonur Grissoms, társvot augun, en að bakl frá Grissom stendur Walter Scirra kaffeinn, sem nú tekur við stjórn fyrsta Apollo-geimfarsins.



Heiðursvörður tekur fánann af kistu Grissoms. Johnson forseti stendur lengst til hægri. Sitandi í fremstu röð eru frú Grissom, synir hennar, Mark, 14 ára og Scott, 16 ára, og Dennis Grissom faðir geimfarsins.

Tango verður 5. leikrit L.R. Frumsýnt á miðvikudaginn

LEIKFÉLAG Reykjavíkur frumsýnir fjórða leikritið á þessu leikári næst komandi miðvikudagskvöld kl. 8.30 Það er pólski sjónleikurinn Tango eftir Slawomir Mrozek, eitt af leikritum síðustu ára, sem vakið hefur hvað mesta athygli. Er nú verið að sýna það eða undirbúa sýningar á 20 stöðum í Evrópu.

Sveinn Einarsson er leikstjóri, leikmyndina gerir Steinþór Sigurðsson og þýðinguna unnu Briet Héðinsdóttir og Práundur Thoroddsen. Leikendur eru 7. Leikkonurnar Sigríður Hagalín, Aróra Halldórsdóttir og Stefánía Sveinbjarnardóttir, sem er ung leikkona er útskrifaðist úr leikskóla Leikfélagsins sl. vor og hefur aðeins komið fram í smáhlutverkum áður. Karlmannshlutverkin eru fjögur. Með þau fara Brynjólfur Jóhannesson, Guðmundur Pálsón, Pétur Einarsson og Arnar Jónsson, sem leikur stærsta hlutverkið.

Mrozek samdi þetta leikrit árið 1964 og var það frumsýnt í Teatr Wspolnesi árið 1965, og gengur víst enn í því leikbúsi. Síðan var það sett upp út

um land í Póllandi, og í Gautaborg og London og hefur það



A svingu á leikritinu Tango. Kvenhlutverkin leika Stefánía Sveinbjarnardóttir, Aróra Halldórsdóttir og Sigríður Hagalín.

vakið svo mikla athygli að nú er fjöldi leikhúsa með það á leikskrá sinni í vetur. — Það er gaman að vinna þetta verk, sagði leikstjórinn Sveinn Einarsson í gær við fréttamenn. Höfundurinn er skemmillegur, ferskur í framsetningu og leikritið fjallar um margt sem er ofarlaga á baugi nú.

Þetta verður 5. leikritið sem Leikfélagið hefur til sýningar í

einu, og öll eru þau sýnd í lönd, svo eiginlega eru þar orðin vandræði vegna þengsla. En öll þau leikrit sem fyrir eru, ganga svo vel, hefur verið uppselt að heita má frá áramótum, svo erfitt er að fella nokkurt þeirra niður. Gesti þó svo farið að „þjófar lík og falar konur“ verði að vika. Hin eru Dúfnaveizlan, FjallaEyvindur og barnaleikritið Kubbur og

Stubbur. Og nú bætist Tango við. Þá er eftir eitt leikrit í vetur, en ekki hefur endanlega verið ákveðið hvort af tveimur hugsanlegum það verður.

— Sjúkraflutn.

Framhald af bls. 10.

um og fl. sem kæmi sér vel fyrir rúmliggjandi fólk í heimahúsum.

Ólafur sagði, að nú væri orðin þörf á að fara að endurnýja sjúkrataeki R.K.I., en fjárhagurinn hefði valdið því að ekki hefði orðið af því fyrr. Síðan vonir til að það yrði hægt á þessu ári, að einhverju leyti a.m.k.

Þá skýrði Ólafur frá starfsemi Hjálparsejðs Rauða Krossins, en sá sjóður var stofnaður 1961, og er hlutverk hans að veita skjóla hjálp í neyðartilvikum. Var af förgöngu sjóðsins gengist fyrir söfnun til Jarðskjálftasveinsins í Tyrklandi og söfnuðust þá 311.717,25 kr. Einnig var samkvæmt beiðni Ausfjarðardeildar gengist fyrir söfnun til hjálparheimilisfólkinu á Hauksstöðum í Jökuldal, er það missti allar eigur sínar í eldsvöða. Söfnuðust þar kr. 92.795.

Þau nýmalet verða nú í starfi Hjálparsejðsins að leitast verður eftir styrktarfélagum, er greiði í hann fast árstíllag. Verður leitast til fyrirtækja og einstaklinga,